Gerðarsafn er nútíma- og samtímalistasafn sem sýnir það sem er efst á baugi í samtímalist samhliða sýningum úr safneign. Safnið er stofnað í minningu Gerðar Helgadóttur myndhöggvara. Í Gerðarsafni er tekið á móti skólahópum og haldnar listsmiðjur og ýmiskonar námskeið fyrir börn.

Gerðarsafn
Hamraborg 4
441 76 00
www.gerdarsafn.is
Opið þriðjudaga – sunnudaga 11 – 17

Salurinn er fyrsta sérhannaða tónlistarhús landsins og margrómað fyrir frábæran hljómburð, glæsilega hönnun og aðstöðu. Salurinn er leigður út fyrir margskonar viðburði, s.s. ráðstefnur og fundi. Tónlistin er þó ávallt í fyrirrúmi og margskonar tónlist nýtur sín í hlýlegu umhverfi Salarins.

Salurinn
Hamraborg 6
441 75 00
www.salurinn.is
Opið mánudaga – föstudaga 12 – 17
og klst. fyrir tónleika

Náttúrufræðistofa Kópavogs safnar, rannsakar, varðveitir og sýnir náttúrugripi og er eina náttúrugripasafn höfuðborgarsvæðisins sem opið er almenningi. Aðstaða til að taka á móti hópum er hin besta og Náttúrufræðistofan er vinsæll viðkomustaður skólahópa.

Náttúrufræðistofa Kópavogs
Hamraborg 6a
441 72 00
www.natkop.is
Opið mánudaga – fimmtudaga 9 – 18,
föstudaga – laugardaga 11 – 17

Bókasafn Kópavogs er vettvangur bæjarbúa til að nýta sér úrval bóka, tímarita og mynddiska en einnig til að verja tíma með vinum og fjölskyldu. Starfsemin er fjölbreytt; tekið er á móti hópum allt árið og meðal fastra liða á bókasafninu eru sögustundir, fyrirlestrar, leshringir og prjóna- og handavinnuklúbbur.

Bókasafn Kópavogs aðalsafn
Hamraborg 6a
441 68 00
www.bokasafnkopavogs.is
Opið á aðalsafni:
Mánudaga – fimmtudaga 9 – 18,
föstudaga og laugardaga 11 – 17

Opið á Lindasafni, Núpalind 7:
Mánudaga – fimmtudaga 14 – 19,
föstudaga 14 – 17,
laugardaga 11 – 14

Héraðsskjalasafn Kópavogs varðveitir sögulegar heimildir um Kópavog og íbúa Kópavogs, svo og skjöl allra stofnana, sviða og deilda bæjarins. Í lestrarsal er safnkosturinn aðgengilegur almenningi og fræðimönnum.

Héraðsskjalasafn Kópavogs
Digranesvegi 7
544 47 10
Opið mánudaga – föstudaga 10 – 16




1 Gerðarsafn & Garðskálinn bistró
2 Salurinn
3 Tónlistarskóli Kópavogs
4 Náttúrufræðistofa Kópavogs
5 Bókasafn Kópavogs
6 Héraðsskjalasafn Kópavogs

## Vissir þú?

### Samstarf við LHÍ

Menningarhúsin í Kópavogi eru í samstarfi við Listaháskóla Íslands og miðla því sem efnilegir listamenn af yngri kynslóðinni eru að fást við. Í vor verða útskriftarsýningar MA-nema í myndlist og hönnun haldnar í Gerðarsafni og í Salnum eru haldnir útskriftartónleikar tónlistardeildar. Ókeypis aðgangur er á viðburði á vegum Listaháskóla Íslands og allir velkomnir.

### Ljósmyndagreining

Gestum er boðið að koma með ljósmyndir í nokkurskonar greiningu á Héraðsskjalasafnið fyrsta og þriðja miðvikudag í mánuði kl. 10:30 – 11:30. Þetta er nýjung á vegum Héraðsskjalasafns og Sögufélags Kópavogs þar sem myndir verða skoðaðar og kennsl borin á myndefni. Myndamorgnar hefjast þann 18. janúar.

### Dagar ljóðsins

Þann 21. janúar 2017 verða 100 ár liðin frá fæðingu Kópavogsskáldsins Jóns úr Vör. Þann dag verða tilkynnt úrslit hinnar árlegu ljóðasamkeppni um Ljóðstaf Jóns úr Vör og ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs. Dagar ljóðsins standa yfir frá 21. janúar til 28. janúar og ýmiskonar viðburðir verða á dagskrá.

### Garðskálinn í Gerðarsafni

Veitingastaðurinn Garðskálinn er á neðri hæð Gerðarsafns. Boðið er upp á fyrsta flokks veitingar í notalegu umhverfi, hádegismat og kaffiveitingar. Garðskálinn er opinn 11 – 17 þriðjudaga – sunnudaga.

Kópavogsbær

kopavogur.is

janúar→maí 2017

# Velkomin á fjölskyldustundir á laugardögum



Dagskrá

Menningarhúsin í Kópavogi

# Ókeypis dagskrá fyrir alla fjölskylduna í Menningarhúsunum í Kópavogi — á hverjum laugardegi!

Listsmiðjur í Gerðarsafni, vísinda- og náttúrutengd dagskrá í Náttúrufræðistofu, tónlist í Salnum, föndur, spilastundir og fleira skemmtilegt á Bókasafninu. Menningarhúsin í Kópavogi eru notalegur og uppbyggilegur viðkomustaður fjölskyldunnar.

## 07/01

11:00 — Bókasafn Kópavogs Lindasafn
**Spilavinir** Borðspil fyrir alla fjölskylduna.

13:00 – 16:00 — Bókasafn Kópavogs Aðalsafn
**Hvar er Valli?** Ratleikur þar sem Valla er leitað í námunda við hvalabækur, Enid Blyton og um allt Bókasafnið. Verðlaun í boði fyrir ratvísa þátttakendur.

## 14/01

13:00 — Náttúrufræðistofa Kópavogs
**Krumminn, fugl viskunnar** Kvikmyndasýning til minningar um Pál Steingrímsson kvikmyndagerðarmann sem lést nýverið.

## 21/01

13:00 — Salurinn
**Ég sá sauð – ljóðatónleikar fyrir börn** Ýmsar verur úr ljóðum lifna við í flutningi Jóns Svavars Jósefssonar söngvara og Hrannar Þráinsdóttur píanóleikara á tónleikum á Dögum ljóðsins.

14:00 — Bókasafn Kópavogs Aðalsafn
**Búum til bók** Mynd- og rithöfundurinn Bergrún Íris stýrir smiðju þar sem foreldrar og börn á aldrinum 5 – 7 ára beisla hugmyndaflugið svo úr verður saga. Miðað er við að einn fullorðinn fylgi hverju barni.*

## 28/01

14:00 – 16:00 — Gerðarsafn
**Klessusmiðja í Stúdíói Gerðar** Leikið verður með form og liti og listaverk gerð úr klessum í smiðju sem er sérstaklega ætluð 2 – 4 ára börnum og fylgifiskum.

## 03/02 Safnanótt

18:00 – 23:00
Spennandi dagskrá fyrir alla fjölskylduna í Gerðarsafni, Salnum, Náttúrufræðistofu og á Bókasafni Kópavogs.
Nánar um dagskrána síðar.

## 04/02

11:30 — Bókasafn Kópavogs Lindasafn
**Bingó** Góð skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

13:00 – 16:00 — Bókasafn Kópavogs Aðalsafn
**Legósmiðja** Arkitektar, verkfræðingar og listamenn framtíðarinnar fá útrás fyrir sköpun með legókubbum.



Dagskrá fjölskyldustunda

## 11/02

11:00 – 15:00 — Salurinn
**Tónlistarsmiðja Möggu Stínu** Hljóðin í okkar daglega umhverfi verða könnuð í smiðju með Möggu Stínu og tónlist og textar samdir.*

13:00 – 16:00 — Bókasafn Kópavogs Aðalsafn
**Perlusmiðja** Nóg af perlum og starfsfólk með straujárnin á lofti – það eina sem vantar eru hugmyndaríkir perlarar!

## 18 – 21/02 Vetrarfrí í grunnskólum Kópavogs

## 18/02

13:00 – 16:00 — Bókasafn Kópavogs Aðalsafn
**Vísindasmiðja**
Gestum er boðið að sannreyna vísindakenningarnar í æsispennandi vísindasmiðju. Það verða læti, ógeð, reykur og hávaði – og alveg örugglega gaman.

## 20/02

11:00 – 13:00 — Bókasafn Kópavogs Aðalsafn
**Bíófjör** í salnum á 1. hæð.

14:00 – 16:00 — Bókasafn Kópavogs Lindasafn
**Ritsmiðja** fyrir 9 – 12 ára krakka.*

## 21/02

13:00 – 15:00 — Bókasafn Kópavogs Aðalsafn
**Spilum saman í vetrarfríinu!** Spilavinir taka á móti spilaglöðum krökkum í vetrarfríi þar sem úrval af borðspilum verður í boði.

14:00 – 16:00 — Bókasafn Kópavogs Lindasafn
**Leikur á borði** Úrval af borðspilum með Spilavinum.

janúar→maí 2017

## 25/02

13:00 – 15:00 — Gerðarsafn
**Skrímsli og furðudýr** Hvað er furðulegasta dýr sem þú getur ímyndað þér? Í smiðjunni, sem ætluð er 4 – 6 ára börnum ásamt fylgifiskum, er viðfangsefnið skrímsli, furðudýr og ævintýraverur.

## 04/03

11:30 – 14:00 — Bókasafn Kópavogs Lindasafn
**Legósmiðja** fyrir alla fjölskylduna.

13:00 — Bókasafn Kópavogs Aðalsafn
**Bingó!** Hinn sívinsæli selskapsleikur fyrir alla fjölskylduna.

## 11/03

13:00 — Salurinn
**Vísnatónleikar** Tónlist eftir sænsk og íslensk söngvaskáld fyrir alla fjölskylduna.

## 18/03

13:00 – 16:00 — Náttúrufræðistofa Kópavogs
**Hvað gera vísindamenn yfir vetrartímann?** Innlit í rannsóknarstofuna þar sem gestir geta skoðað sýni í smásjá og ýmislegt í krukkum vísindamanna Náttúrufræðistofu.

## 25/03

13:00 – 16:00 — Gerðarsafn
**Hver ert þú?** Hvernig litir þú út ef þú værir úr einu löngu striki? Hvernig lítur persónuleiki þinn út? Í smiðjunni sem ætluð er 6 – 8 ára og fylgifiskum verða gerðar sjálfsmyndir og skúlptúrar.

* skráning á menningarhusin@kopavogur.is

Dagskrá fjölskyldustunda

## 01/04

11:30 – 14:00 — Bókasafn Kópavogs Lindasafn
**Hvar er Valli?** Allir kannast við ferðalanginn Valla sem nú er leitað á Lindasafni. Fundvísir þátttakendur verða verðlaunaðir.

13:00 – 15:00 — Bókasafn Kópavogs Aðalsafn
**Spilavinir** Úrval af spilum fyrir alla fjölskylduna.

## 08/04

13:00 — Náttúrufræðistofa Kópavogs
**Náttúrulífsbíó** Kvikmyndin Flug spóans eftir Pál Steingrímsson.

13:00 – 15:00 — Bókasafn Kópavogs Aðalsafn
**Páskaföndur** Notaleg fjölskyldustund, allt efni á staðnum.

## 15/04

Menningarhúsin í Kópavogi í páskafríi.

## 20/04 Fögnum sumarbyrjun!

Nánar um dagskrána síðar.

## 22/04

13:00 – 16:00 — Gerðarsafn
**Hvernig lítur þinn heimur út?** Listsmiðja fyrir 8 – 10 ára þar sem ferðast er út í geim og ævintýralegar plánetur verða til.

## 25 – 29/04 Barnamenningarhátíð í Kópavogi

Börn í Kópavogi láta ljós sitt skína á Barnamenningarhátíð í Kópavogi.
Nánar um dagskrána síðar.

janúar→maí 2017

## 06/05

11:30 — Bókasafn Kópavogs Lindasafn
**Einar einstaki.** Hið ómögulega verður mögulegt með töframanninum knáa!

13:00 – 16:00 — Bókasafn Kópavogs Aðalsafn
**Tökum flugið** Flugdrekasmiðja þar sem sköpunarkraftur og hugvitsemi ráða för.

## 13/05

13:00 — Gerðarsafn
**Vídeólist** Tilraunakennd vinnustofa þar sem vídeólist verður kynnt fyrir 10 – 12 ára þátttakendum sem fá tækifæri til að búa til eigin vídeóverk.*

13:00 — Náttúrufræðistofa Kópavogs
**Fuglaskoðun í fjöru** Áhugasamir fuglafræðingar á öllum aldri fá leiðsögn sérfræðinga Náttúrufræðistofunnar í skemmtilegri fjöruferð.

## 20/05

13:00 – 17:00 — Útivistarsvæði Menningarhúsanna
**Hjóladagur fjölskyldunnar** Ómissandi liður í vordagskrá hjólandi fólks. Ástandsskoðun á hjólum, hjólreiðatúr um Kársnesið og margt fleira skemmtilegt!

## 27/05

14:00 — Salurinn
**Krílaklassík** Töfrakistur hljóðfæraleikaranna opnaðar og fagrir tónar laðaðir fram af Guðrúnu Hrund víóluleikara og félögum hennar.

* skráning á menningarhusin@kopavogur.is